

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 29. júní 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-73/2010:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 25. maí sl. bað A f.h. sonar síns B, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á 28” skjá hjá C sem reyndist vera gallaður. Kröfu sinni lýsir álitsbeiðandi svo: „Óskað er eftir sambærilegum 28” í stað þess sem bilaði eða greiðslu sem jafngildir verði á nýjum 28” skjái.“

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 26. maí, gaf kæruneftndin C kost á andsvörum og bærust þau 7. júní. Álitsbeiðanda var gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvörin með bréfi, dags. 9. júní, og frestur til þess til 18. júní. Engar athugasemdir bærust. Með bréfi, dags. 21. júní sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Samkvæmt reikningi sem álitsbeiðninni fylgdi keypti B 16:9 skjá, hjá Tölvutek ehf. fyrir kr. 59.900. Segir eftirfarandi í álitsbeiðni:

„Sonur minn, B, átti 1½ árs gamlan 28” skjá sem hann fór með í viðgerð. Hann fær þau svör að hann sé óviðgerðarhæfur og ekki sé til nýr sambærilegur skjár. Honum, 18 ára stráknum, er boðið upp á þess í stað 25” skjár eða 59.900 kr. sem var kaupverðið á skjánum í september 2008. Töluverður munur er eðli málsins samkvæmt á 25” og 28” skjáum og með engu móti hægt að halda fram að um sambærilegar vörur sé að ræða. Kröfu okkar um 28” skjá var hafnað á þeim forsendum að slíkur sambærilegur skjár væri ekki til staðar. Kröfu okkar um greiðslu á sambærilegum skjá var einnig hafnað á forsendum þess að verðlag hafi hækkað svo vitnað sé í þjónustustjóra (D). Fyrirtækið bauð okkur þess í stað 25” skjá, sem að okkar mati getur ekki talist sambærileg vara, eða til vara að kaupverð endurgreitt, 59.900, en slík greiðsla dugar engan veginn fyrir sambærilegum skjá í dag. Sem lausn buðum við feðgar eftirfarandi lausn (sjá viðhengi í tölvupósti): [Í tölvupóstinum stendur:„] Í fyrsta lagi að þið pantið sambærilegan skjá að utan. Á meðan beðið sé eftir honum fái hann lánaðan 25” frá ykkur sér að kostnaðarlausu. Sem aðra lausn nefni ég þann kost að þið greiðið honum 80.000 kr. sem er örugglega umtalsvert ódýrara en sambærilegur skjár kostar í dag.[“] Því var einnig hafnað símleiðis og í ljósi þess að sáttatíloði mínu var hafnað fer ég fram á að upphafleg krafa standi um að skjárinn verði bættur að fullu og að nýr 28” sambærilegur skjár verði útvegaður eða skjárinn verði bættur að fullu miðað við kaupverð á slíkum skjá í dag. Aðilar komust að samkomulagi um að C greiddi 59.900 kr. (kaupverð skjásins) sem innaborgun eða lokagreiðslu eftir því hver niðurstaða úrskurðarneftndarinnar verður. Sú greiðsla barst 29. apríl.“

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörunum segir m.a. eftirfarandi:

„Skjár kom til viðgerðar 19½ mánuði eftir kaup eða 15.4.2010 á verkbeiðni S26359. Á verkbeiðni S26359 var skjár skoðaður og komu fram flöktandi línur yfir skjáinn svo hann var dæmdur í ólagi.

Kaupanda var boðið að fá láns skjá á meðan skjárinn yrði sendur erlendis í viðgerð eða að fá kaupverðið að fullu endurgreitt. Kaupandi var ekki sáttur við þessar lausnir heldur fór fram á að fá sambærilegan skjá í staðinn eða hærri endurgreiðslu en sem nemur kaupverði sem hefði í för með sér ósanngjarnan kostnað fyrir seljanda, þar sem um var að ræða mjög ódýran 28” skjá og ekkert sambærilegt til í dag annað en betur búnir skjáir með nýrri tækni en færri tommum. Var kaupanda boðinn skjár á svipuðu kaupverði sem var 25” LCD skjár betur búinn að öllu leyti fyrir utan stærð, enda nýr skjár með alla nýjustu tækni. Ekki var hægt að panta nýjan sambærilegan 28” skjá þar sem hann er ófáanlegur frá framleiðanda.

Eigandi vildi ekki bíða eftir viðgerð og var því kaupverðið að fullu endurgreitt og teljum við málinu þar með lokið af okkar hálfu.

Hvað ábyrgðartíma varðar fylgir C neytendalögum með 2 ára ábyrgð á skjám sem og öðrum tölvubúnaði seldum til einstaklinga.

Þrátt fyrir að kaupandi hafi einungis greitt 59.900 kr. m.vsk. fyrir vöru sem hann notaði án vandræða í 19 mánuði og hefur nú fengið endurgreidda að fullu fer kaupandi fram á að fá greiddar 80.000 kr. m.vsk. en með vísan í andsvar okkar hér að ofan sjáum við ekki tilefni til að endurgreiða kaupanda hærri upphæð en sem nemur kaupverði.“

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og C falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Samkvæmt því sem fram kemur í gögnum málsins er ekki ágreiningur á milli aðila um það að skjárinn sem álitsbeiðandi keypti hafi verið gallaður og sé ónýtur.

Líta verður svo á að aðilar hafi gert bindandi samkomulag um það ágreiningurinn yrði leystur með þeim hætti að seljandi greiddi kr. 59.900 sem innágreiðslu eða lokagreiðslu fyrir skjáinn eftir því hver niðurstaða kærunefndarinnar yrði og verður að líta svo á að seljandi sætti sig við að endurgreiðslan nemi ekki lægri fjárhæð. Kærunefndin lítur því svo á að aðilar hafi komist að bindandi samkomulagi sem þeim ber að standa við og samkvæmt því sé það hlutverk kærunefndarinnar það að gefa álit á því hver eigi að vera fjárhæð endurgreiðslu til kaupanda. Samkvæmt þessu mun kærunefndin ekki taka afstöðu til þeirrar kröfu álitsbeiðanda að seljandi leggi honum til nýjan sambærilegan 28” skjá en seljandi segir að sams konar skjáir og álitsbeiðandi keypti séu ófáanlegir hjá framleiðanda. Eins og málið liggur fyrir kærunefndinni álitur hún að aðilar hafi þannig komist að samkomulagi um að kaupunum sé rift, eins og álitsbeiðandi hafi átt rétt á samkvæmt d-lið 1. mgr. 26. gr. neytendakaupalaga, og að kaupverð sé endurgreitt. Seljandi mun hafa skjáinn í sínum vörslum.

Í 1. og 2. mgr. 50. gr. neytendakaupalaga segir eftirfarandi:

☐ Þegar kaupum er rift skal neytandi færa seljanda þann afrakstur til tekna sem hann hefur haft af hlutum og greiða hæfilegt endurgjald fyrir veruleg not sem hann hefur að öðru leyti haft af honum.

☐ Ef seljandi á að endurgreiða kaupverðið ber honum að greiða vexti í samræmi við ákvæði vaxtalaga frá þeim degi er neytandi tilkynnti seljanda að hann mundi bera fyrir sig gallann. Seljanda ber á sama hátt að greiða vexti frá þeim degi er hann tók við greiðslunni þegar neytandi er krafinn um endurgjald fyrir not af söluhlut skv. 1. mgr.

Í því tilviki sem hér um ræðir hafði álitsbeiðandi not af skjánum í 18 mánuði frá því að hann fékk hann afhentan og verður að telja þau afnot veruleg í skilningi 1. mgr. 50. gr. neytendakaupalaga. Samkvæmt 1. mgr. 50. gr. ber álitsbeiðanda að greiða hæfilegt endurgjald fyrir þau afnot sem hann hafði af skjánum í þann tíma en ekki er hægt að gera ráð fyrir að hann hafi haft sérstakan afrakstur af notkun hans.

Þar sem ekki eru lengur til sölu sams konar skjáir og álitsbeiðandi keypti er ekki við ákvörðun á því hver sé hæfileg endurgreiðsla hægt að taka mið af núverandi verði sams konar skjás. Samkvæmt upplýsingum sem kærunefndin aflaði frá seljanda segist hann hafa til sölu 25" skjá af sömu tegund en að öðru leyti fullkonnari að gerð en skjárin var sem álitsbeiðandi keypti og sé verðið hið sama eða kr. 59.900. Gera má ráð fyrir að stærri skjáir séu dýrari en þeir kunna að vera fullkonnari að öðru leyti en sá skjár sem álitsbeiðandi keypti. Álitsbeiðandi kveðst hafa kvartað við seljanda í apríl sl. án þess að tilgreina daginn og fengið endurgreiðsluna 29. apríl. Líður þannig skemmri tími en mánuður frá því að álitsbeiðandi kvartar og þar til hann hefur fengið endurgreiðslu kaupverðsins. Yrði því vaxtatími samkvæmt 2. mgr. 50. gr. laga nr. 48/2003 harla stuttur.

Þegar höfð eru í huga not álitsbeiðanda af skjánum sem hann keypti, verð á tiltölulega sambærilegum skjá og að seljandi endurgreiddi upphaflegt kaupverð skömmu eftir að álitsbeiðandi kvartaði er það álit kærunefndarinnar að álitsbeiðanda beri ekki frekari endurgreiðsla frá seljanda en hann hefur nú fengið í hendur eða kr. 59.900.

VI

Álitsorð

Endurgreiðsla seljanda, C, til álitsbeiðanda, A f.h. B, skal vera kr. 59.900.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir